


# OECD *Multilingual Summaries*

## Education at a Glance 2014

### OECD Indicators

Summary in Icelandic



Read the full book on: [10.1787/eag-2014-en](http://10.1787/eag-2014-en)

## Education at a Glance 2014

### Vísbendingar OECD

Útdráttur á íslensku

## Ábatanum af auknu aðgengi að menntun er ekki dreift af sanngirni

Aðgengi að menntun heldur áfram að aukast og hlutfall þeirra fullorðinna sem eru með mikla færni í læsi eykst sífellt en félagsleg og efnahagsleg mismunun færirst í aukana vegna þess að áhrif menntunar og færni á tækifæri hvers einstaklings í lífinu hafa aukist umtalsvert.

*Vinumarkaðurinn launar góðan árangur og mikla færni*

Tökum atvinnuástandið sem dæmi. Að meðaltali eru meira en 80% þeirra sem eru með háskólamenntun með atvinnu samanborið við 60% þeirra sem eru með menntun lægri en stúdentspróf. Þó er háskólamenntað fólk, einkum þeir sem yngri eru, ekki ónæmt fyrir atvinnuleysi. Innan allra OECD-ríkjanna var atvinnuleysi meðal háskólafélks að meðaltali 5,0% árið 2012 (hækkun úr 3,3% árið 2008) en hjá fólki á aldrinum 25-34 ára var það 7,4% (hafði hækkað úr 4,6% frá árinu 2008). Til samanburðar náði atvinnuleysi fólks á aldrinum 25-34 ára sem var án framhaldsskólamenntunar 19,8% árið 2012 (og jafnvel hærra í sumum löndum) sem er hækkun úr 13,6% árið 2008. Þessar tölur staðfesta enn á ný að hin nýlega efnahagskreppa hefur bitnað harðast á ungu fólki með litla menntun (Vísir A5).

Skortur á færni eykur aðeins hættuna á atvinnuleysi – jafnvel meðal fólks sem er með svipað menntunarstig. Sem dæmi: í þeim 24 löndum og landssvæðum sem tóku þátt í Survey of Adult Skills (athugun á færni fullorðins fólks) voru 5,8% fullorðinna án framhaldsskólamenntunar en voru með í meðallagi mikla færni í læsi atvinnulaus árið 2012 í samanburði við 8,0% fullorðinna með svipað menntunarstig sem voru með lága færni í læsi. Á sama hátt voru 3,9% fullorðinna með háskólamenntun og voru með litla færni í læsi án atvinnu í samanburði við 2,5% þeirra sem höfðu náð hvað mestri færni á því sviði (Vísir A5).

Gögn um tekjur benda einnig til að bili milli þeirra sem „hafa“ og „hafa ekki“ hvað varðar menntun. Í OECD-ríkjum hafa fullorðnir einstaklingar með háskólamenntun um 70% hærra laun að meðaltali en þeir sem eru með framhaldsskólamenntun. Mismunur í færni hefur einnig áhrif á tekjur, jafnvel meðal fólks sem er með sama menntunarstig: að meðaltali er einstaklingur með háskólamenntun sem hefur náð hvað mestri færni í læsi með um 45% hærra tekjur en einstaklingur sem hefur hvað minnsta færni í læsi samkvæmt mælingum Survey of Adult Skills (Vísir A6).

*Í flestum löndum er algengara að fólk feti sig upp á hærra stig menntunar en að það lækki*

Útþensla menntakerfa í mörgum OECD-ríkjum, bæði á framhaldsskólastigi og á sviði framhaldsmenntunar bæði utan og innan háskóla hefur veitt ungu fólki á aldrinum 25-34 ára tækifæri til að afla sér meiri menntunar en foreldrar þeirra. Að meðaltali í OECD-ríkjunum sem tóku þátt í Survey of Adult

Skills árið 2012 (sem er afrakstur af OECD-áætluninni um alþjóðlegt mat á færni fullorðinna, (OECD Programme for the International Assessment of Adult Competencies eða PIAAC)) hafa 32% ungs fólks náð hærra menntunarstigi en foreldrar þess en á hinn bóginn hafa aðeins 16% þeirra ekki náð stigi foreldra sinna í menntun. Í öllum löndum nema Eistlandi, Þýskalandi, Noregi og Svíþjóð er alger hreyfing upp á við á sviði menntunar algengari en alger hreyfing niður á við. Útþensla menntunar hefur verið sérstaklega áberandi í Frakklandi, Írlandi, Ítalíu, Kóreu, Spáni og Rússlandi þar sem mismunurinn milli hreyfingar á við og niður á við á sviði menntunar er 30 prósentustig eða meira (Vísir A4).

## Aðrar niðurstöður

- Næstum 40% fólks á aldrinum 25-34 ára eru nú með háskólamenntun, sem er 15 prósentustigum hærra en meðal fólks á aldrinum 55-64 ára (Vísir A1).
- Að meðaltali er 10 prósentu hækkun hefur orðið milli hlutfalls eldri og yngri fullorðinna á hæstu stigum færni í læsi (Vísir A1).
- Flest börn í OECD-löndunum hefja nú skólagöngu sína allöngu fyrir 5 ára aldurinn. Meira en þrjú fjórðu 4-ára barna (84%) eru skráð í forskóla eða grunnskóla í OECD ríkjum og í þeim ríkjum OECD sem eru aðilar að ESB er hlutfallið 89% af 4-ára börnum (Vísir C2).
- Um 72% nemenda sem hefja nám í framhaldsskóla ljúka náminu sem þeir skráðu sig í innan fræðilegra tímamarka námsbrautarinnar. Ef bætt er við tveimur árum til viðbótar hjá nemendum til að ljúka framhaldsmenntun sinni þá ljúka 87% nemenda námi sínu tveimur árum eftir tilgreindan tíma um námslok að meðaltali í öllum OECD-ríkjum (Vísibending A2).
- Að meðaltali í öllum OECD-ríkjum árið 2012 stunduðu 49% 15-29 ára ungs fólks í nám. Af þeim 51% sem eftir voru höfðu 36% atvinnu, 7% voru atvinnulaus og 8% stóðu utan vinnumarkaðarins (Vísir C5).
- Stofnanir á háskólastigi og að minna marki forskólastofnanir hljóta hæst hlutfall fjármagns frá einkaaðilum: Nemur það annars vegar 31% og 19% hins vegar. Fjármögnun hins opinbera á menntastofnunum jókst á öllum skólastigum milli árána 2000 og 2011 í öllum löndum (nema á Ítalíu) þar sem sambærileg gögn eru tiltæk. Þó hafa fleiri heimili átt hlutdeild í fjármögnun menntunar og þannig hefur fjármögnun einkaaðila aukist enn hraðar í meira en þremur fjórðu landanna (Vísir B3).
- Hlutfall opinberrar fjármögnunar á menntun dróst saman í tveimur þriðju landanna milli árána 2005 og 2011 en á skemmra tímabilinu á árunum 2008 til 2011 – þegar fjármálakreppan var í hámarki – jókst hlutfall framlagsins til hennar hraðar (eða dróst saman hægar) heldur en opinber fjármögnun á allri annarri þjónustu í 16 af þeim 31 löndum þar sem gögn voru fyrir hendi. (Vísibending B4).
- Aðeins er krafist meistaragráðu af forskólakennurum í fjórum af 35 löndum þar sem gögn liggja fyrir en krafa er um það hjá framhaldsskólakennurum sem kenna almennar greinar í 22 af þeim 36 löndum þar sem gögn eru tiltæk (Vísir D6).
- Fagþróun kennara er skyldubundin á öllum skólastigum í um þremur fjórðu OECD-ríkja og samstarfsríkja þess þar sem gögn eru fáanleg. Þó gerð sé krafa um það hjá öllum kennurum í efri bekkjum grunnskóla í 17 löndum og vegna starfsframa og launahækkana í 8 löndum er þessi ekki krafist í 6 löndum (Vísir D7).
- Árið 2012 voru 4,5 milljónir nemenda á háskólastigi innritaðir í nám utan eigin heimalands. Ástralía, Austurríki, Lúxemborg, Nýja Sjáland, Sviss og Bretland eru með hæst hlutfall alþjóðlegra námsmanna miðað við heildarinnritun í nám á háskólastigi (Vísir C4).

© OECD

**Þessi útdráttur er ekki opinber OECD þýðing.**

Eftirprentun þessa útdráttar er leyfileg, að því tilskildu að getið sé höfundarréttar OECD og titils upprunalegu útgáfunnar.

**Fjölmörg útdrættir eru þýdd ágríp af útgáfum OECD sem upphaflega voru gefnar út á ensku og frönsku.**

**Þeir eru fáanlegir án endurgjalds í netbókaverslun OECD [www.oecd.org/bookshop](http://www.oecd.org/bookshop)**

Hafið samband við Réttinda- og þýðingareiningu OECD, framkvæmdanefnd fjölmiðlunar og almannamálefna ef frekari upplýsinga er þörf hjá: [rights@oecd.org](mailto:rights@oecd.org) eða með faxi: +33 (0)1 45 24 99 30.

OECD Rights and Translation unit (PAC)

2 rue André-Pascal, 75116

Paris, France

Heimsækið vefsíðu okkar [www.oecd.org/rights](http://www.oecd.org/rights)



**[Read the complete English version on OECD iLibrary!](#)**

© OECD (2014), *Education at a Glance 2014: OECD Indicators*, OECD Publishing.

doi: 10.1787/eag-2014-en